

Föstudaginn 10. mars 1989.

Nr. 77/1989. **Ákærvaldið**

gegn

Agnari Víði Bragasyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 7. þ.m., sem barst Hæstarétti 9. þ.m. Hann krefst þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur, en til vara að gæsluvarðhaldstími verði stytur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Ríkissaksóknari krefst staðfestingar úrskurðarins.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 7. mars 1989.

Ár 1989, þriðjudaginn 7. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Agnari Víði Bragasyni, með lögheimili að Hábergi 3, en dvalarstað að Bragagötu 23 hér í borg, kt. 16.09.66-3009, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudags 15. mars nk. kl. 17.00 vegna grunar um brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Málavextir.

RLR rannsakar nú fjölda innbrota í verslanir og fyrirtæki í Reykjavík, í Borgarnesi og Akranesi, þar sem stolið hefur verið umtalsverðum verðmætum og að auki verið unnar miklar skemmdir. Þá rannsakar RLR þjóf-

að á bifreiðum af bílasölum og bílaleigum, en einhver tengsl virðast vera þar á milli.

Hinn 21. mars sl. var brotist inn í verslunina Herjólf, Skipholti, og sölu-turn sem versluninni tengist. Í innbrotinu var stolið tóbaki fyrir milli 700.000,00 og 800.000,00 krónur auk 200 skafmiða. RLR hafa borist upplýsingar um að Agnar Viðir Bragason hafi brotist inn í verslunina Herjólf í félagi við Guðbjörn Gunnarsson, og einnig hefur komið fram að Ragnar Hauksson hafi verið að selja tóbak sem hann hefur borið að hafa fengið hjá Agnari Viði.

Kærði, Agnar Viðir, hefur með öllu neitað, bæði í skýrslutöku hjá RLR og fyrir dómi, að hafa átt aðild að innbrotum nú undanfarið.

Aðfaranótt 6. janúar sl. var brotist inn í verslunina Jackpot, Bankastræti 13. Þar var stolið tveimur leðurjökkum og 5.000,00—6.000,00 krónum í skiptimynt, þar á meðal tékka á SPRON, út gefinn af Sigurhönnu Sigurjónsdóttur, tékkanúmer 3348196. Tékkinn liggur frammi í ljósriti í málinu, framseldur með nafnrituninni Agnar Viðir Bragason, Hábergi 3, kt. 16.09.66-3009.

Kærði hefur viðurkennt að hafa framselt framangreindan tékka, en hefur ekki getað gefið skýringu á hvernig tékkinn komst í hendur hans né hvernig eða í hverra þágu andvirði hans var ráðstafað.

Hinn 20. febrúar sl. var bifreiðinni R 24099, AMC Eagle, stolið frá Bíla-sölnni Bílatorgi, Nóatúni. Garðar Garðarsson hefur viðurkennt að hafa komið í bílasöluna í febrúar, skoðað bifreiðina og gangsett. Hann hefur hins vegar algerlega neitað að hafa stolið henni.

Aðfaranótt 21. febrúar sl. var brotist inn í Geirabakarí, Borgarnesi, og verslun Jóns og Stefáns, sem starfrækt er í sama húsi. Skófar var við glugga á bakaríinu, sem farið var inn um, og einnig var skófar á gólfi fyrir innan hann. Við rannsókn málsins hefur komið í ljós að mynstur, stærð og gerð þeirra koma saman við gerð skófatnaðar, sem kærði og Garðar Garðarsson hafa notað.

Umrædda nótt sáu vegfarendur í Borgarnesi amerískri bifreið af gerðinni AMC Eagle ekið þar um götur.

Úr verslun Jóns og Stefáns var stolið um 30.000,00 krónum í skiptimynt og einnig var talið að tóbak hefði horfið.

Kærði, Agnar Viðir, hefur þverneitað aðild að þessu innbroti.

Aðfaranótt 28. febrúar sl. var brotist inn í verslunina Skagaver, Akra-nesi, með þeim hætti að ekið var á lagerhurð og hún sprengd upp. Inni á lagernum og fyrir utan voru főr eftir hjólbarða af gerðinni Hacapelita.

Í innbrotinu voru unnar töluverðar skemmdir. Skjalaskáp var velt á milli hæða, og við það skemmdust bæði skápurinn og tröppur, sem honum var velt niður. Einnig reyndist hurð á frystigeymslu vera skemmd eftir gaffla

á lyftara. Ekki tókst þeim aðila eða aðilum, er stóðu að innbrotinu, að opna skápinn.

Í innbrotinu var stolið 50 kartonum af sigarettum, um 15.000,00 kr. í peningum, sjónvarpi og myndbandstæki.

Skóför fundust á vettvangi, sem líkjast mynstri og gerð skófatnaðar, sem Agnar Víðir Bragason og Garðar Garðarsson hafa notað nú undanfarið. Kærði, Agnar Víðir Bragason, hefur algerlega neitað aðild að innbrotinu.

Hinn 28. febrúar sl. var bifreiðinni R 55717 stolið frá Ryðvarnarskálunum, Sigtúni. Bifreiðin fannst 2. mars sl., þar sem hún stóð í Meðalholti, við Háteigsveg. Í bifreiðinni var kassi með sælgæti í sem merktur var versluninni Skagaver, Akranesi.

Óupplýstur er þjófnaður á bifreiðinni Y 3212 af gerðinni Nissan Sunny úr Ryðvarnarskálunum 1. mars sl.

Garðar Garðarsson hefur viðurkennt að hafa stolið bifreiðinni R 33136 27. febrúar sl. frá Bílasölunni Bílabankanum, Hamarshöfða, og skilað henni aftur, en sú bifreið hefur ekki fundist.

Í innbrotinu í Ryðvarnarskálann 1. mars sl. hurfu lyklar að fleiri bifreiðum.

Bifreiðin Y 3212 sást við Einholt 1. mars sl., en þá hafði ekki verið tilkynnt um þjófnað á henni. Var hennar leitað á sama stað 2. mars sl., en þá var hún horfin þaðan og er enn ófundin.

Brot þau, er kærði er grunaður um að hafa framið, geta varðað fangelsisrefsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, þykir rétt að taka kröfu RLR um gæsluvarðhald til greina á grundvelli 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974, enda er rannsókn mála þessara á frumstigi og veruleg hættu á að kærði spilli sakargögnum og hafi áhrif á samseka eða vitni, haldi hann óskertu frelsi. Kærði, Agnar Víðir Bragason, skal því sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudags 15. mars nk. kl. 17.00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Agnar Víðir Bragason, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudags 15. mars nk. kl. 17.00.